



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2016 - 2017 3. bréf

Kæru nemendur og foreldrar

Nú er september liðinn og bleikur október tekinn við. Við siglum á góðri ferð inn í skólaárið og ekki er nú slæmt að fá svona gott veður eins hefur verið hjá okkur þessa dagana.

Nú er búið að manna allar stöður í skólanum. Gyða Valdís Traustadóttir starfsmaður í frístund bættist í hópinn fyrir hálfum mánuði og bjóðum við hana velkomna í Síðuskóla.

Í þessum mánuði verður nokkuð af óhefðbundum skóladögum hjá nemendum. Viðtalsdagar verða miðvikudaginn 19. október og fimmtudaginn 20. október. Þann 21. október og 25. október verður svo haustfrí. Við förum fram á það hér í skólanum eins og undanfarin ár að foreldrar og nemendur komi undirbúnir fyrir viðtölin. Það á að færa inn frammistöðumat á Mentor og föstudaginn 14. september opnar matið og er þá hægt að skoða mat kennaranna. Þann dag er líka bleikur dagur. Það er orðinn fastur liður hjá okkur hér í skólanum að halda upp á þennan dag, klæðast bleiku og sýna þannig samstöðu í baráttunni gegn krabbameini. Við hvetum alla til að vera með.

Þriðjudaginn 25. október er svo skipulagsdagur og frí hjá nemendum. Ég vil benda þeim foreldrum sem ætla að nýta frístund þessa daga að skoða skýringarnar með skóladagatalinu en þær er hægt að skoða á heimasíðu skólans. Þar sést hvaða daga er opið.

Nú er búið að skipa í skólaráð fyrir þetta skólaár og má sjá hér á næstu síðu hverjir sitja í því. Á heimasíðunni undir flípanum skólinn/skólaráð má nálgast fundagerðir og netföng fulltrúanna. Við hvetjum ykkur til að senda okkur í ráðinu línu ef þið hafið einhverjar hugmyndir eða ábendingar um skólastarfið.

Með bestu kveðju úr skólanum!

Ólöf Inga



Október mánuður er tileinkaður virðingu:

Í Síðuskóla sýnum við virðingu með því að vera kurteis og koma vel fram við alla í orði og verki. Við virðum okkur sjálf, aðra og umhverfið.

Regla mánaðarins:

Við erum kurteis og jákvæð

Framundan er frammistöðumatið og í dag opnar fyrir skráningu nemenda. Við viljum biðja foreldra að undirbúa viðtölin sem best með því fylla matið út, með börnum sínum.

Lykilhæfnipættir sem verða metnir hjá nemendum þetta skólaár eru:

- ♦ Virkni í samvinnu
- ♦ Þrautseigja
- ♦ Sjálfstæði og ábyrgð
- ♦ Tjáning og miðlun upplýsinga

Á döfinni í október:

5.-14.okt.	Foreldrar skrá sig í viðtöl á Mentor
14. október	Bleikur dagur
3. -13.okt.	Frammistöðumat er opið. Kennarar og nemendur/foreldrar meta. Frammistöðumati er lokað þann 13. október
19. –20. okt	Foreldraviðtöl í 1. - 10. bekk
21 og 24. okt.	Haustfrí
25. okt.	Skipulagsdagur

Ábyrgðarmaður: Ólöf Inga Andrésdóttir

Skólaráð Síðuskóla veturinn 2016–2017

Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri

Helga Lyngdal kennari

Sigurður Arnarson kennari

Svava Svavarsdóttir ritari

Hólmfríður María Hauksdóttir foreldri

Hugrún Dögg Harðardóttir foreldri

Monika Margrét Stefánsdóttir foreldri

Fulltrúar nemenda í skólaráði eru:

Elísabet Kristjánsdóttir 10. bekk

Emelía Kolka Ingvarsdóttir 10. bekk

Stjórn FOKS veturinn 2016–2017 skipa:

Heimir Eggerz formaður

Sigmundur Guðni Sigurðsson gjaldkeri

Monika Kolbeinsdóttir ritari

Dísa Hrönn Kolbeinsdóttir

Fanney Kristinsdóttir

Guðrún Þorsteinsdóttir

Magnús Örn Friðriksson

Magnea Guðrún Karlsdóttir fulltrúi kennara.

Nemendaráð 2016–2017

10. SJ	7. SEB
Elísabet Kristjánsdóttir, fulltrúi í skólaráði	Kristófer Davíð Krüger
Varamaður: Hulda Karen	Varamaður: Marín Líf Snorradóttir
10. B	7. HL
Baldur Þór Pálsson	Hera Björk Helgadóttir
Varamaður: Emelía Kolka Ingvarsdóttir fulltrúi í skólaráði	Varamaður: Steinar Ingi Árnason
9. SA	6. JS
Bergsveinn Ari Baldvinsson	Kimberley Dóra Hjálmarsdóttir
Varamaður: Daníel Orri Helgason	Varamaður: Linda Rós Pétursdóttir
9.HK	6.JÁ
Laufey Anna Egilsdóttir	Sólveig Alexandra Jónsdóttir
Varamaður: Eva Björk Hilmarsdóttir	Varamaður: Þorgerður Katrín Jónsdóttir
8. SS	
Halldór Birgir Eydal	
Varamaður: Viðar Már Hilmarsson	
8. SJ	
Jakob Franz Pálsson	
Varamaður: Ína Soffía Hólmgeirsdóttir	

10. bekkur mun standa fyrir peysusölu dagana 19 - 20. október næstkomandi (viðtalsdagar í skólanum) og gefst nemendum Síðu-skóla tækifæri til að panta sér peysu merkta skólanum sínum og með nafni ef óskað er. Nokkrir mismunandi litir verða í boði bæði á peysum og merkingum sem nemendur geta valið um og einnig geta nemendur valið hvort þeir vilji rennda eða lokaða peysu. Á viðtalsdögunum munu unglingar úr 10. bekk taka á móti pöntunum og þá mun verða hægt að máta peysur og velja stærðir og liti.

Verð á peysum eru:
Barnastærðir: 5000 lokuð / 5500 rennd
Stærðir fra s-xxl: 6000 lokuð / 6500 rennd

Viljum við góðfúslega benda á það að peysurnar þarf að greiða með peningum þegar pantað er.

Með fyrirfram þökkum
Bekkjarfulltrúar 10. bekkjar

20 hugmyndir (fyrir foreldra) um hvernig auka má þrautseigju

1. Hvettu barnið þitt til að aðstoða aðra eða bjóða öðrum að fá sér fyrst við matarborðið.
2. Hvettu barnið þitt til að bíða þar sem þess er krafist, (s.s. á veitingahúsum eða í bíltúr) ekki veita því stanslausa afþreyingu.
3. Sýndu barninu þínu að til lengri tíma, getur það verið góð ákvörðun að velja það sem erfiðara er.
4. Ekki gefa barninu þínu allt sem það langar í, svo sem föt, tæki eða leikföng þó það segi að allir hinir eigi það.
5. Hvettu barnið þitt til að gefa annað slagið föt og leikföng til góðgerðamála og kenndu því að veraldlegir hlutir eru ekki endilega leiðin til hamingju.
6. Gefðu barninu þínu tækifæri til að hjálpa sér yngri börnum.
7. Kenndu barninu þínu að hindranir eru til að takast á við þær, ekki eitthvað sem við forðumst. Kenndu því að segja við sjálft sig: „Ég get þetta og hver hindrun sem ég kemst yfir gerir mig sterkari“.
8. Hvettu barnið þitt til jákvæðra viðhorfa gagnvart húsverkum og heimanámi með því að kenna því skapandi leiðir til að gera vinnuna skemmtilega.
9. Láttu eldra barn bíða eftir fjölskyldumáltíðum frekar en fá sér snarl þegar það vill ekki bíða.
10. Minntu barnið þitt á að sýna yngri systkinum þolinmæði í leik, kenndu því að sambönd eru mikilvægari en hlutir.
11. Hjálpaðu barninu þínu að tileinka sér sjálfstjórn gagnvart farsímum og tölvunotkun með því að vera góð fyrirmynd.
12. Passaðu þig að rjúka ekki til og hjálpa barninu þínu þegar þú sérð það fást við erfitt verkefni svo sem að klæða sig eða borða.
13. Temdu barninu þínu kurteisi með því að leyfa því ekki að trufla samræður fullorðinna. Láttu barnið æfa viðeigandi viðbrögð í þessum aðstæðum.
14. Kynntu fyrir barninu þínu eitthvað nýtt sem hjálpar því að stíga út fyrir þægindarammann eins og að leika við barn sem talar annað tungumál og prófa nýjan mat.
15. Stattu við þau mörk sem þú setur eins og hve lengi má vera í tölvu, horfa á sjónvarp eða hve mikið barnið má fá sér í eftirrét.
16. Þegar barnið þitt þarf að finna eitthvað, láttu það leita.
17. Kenndu barninu þínu að vera ábyrgt fyrir eigin fötum eins fljótt og hægt er. Láttu það flokka, setja í þvottavél og ganga frá - einnig að hengja fötin til þerris og ganga frá þeim inn í skáp.
18. Kenndu barnið þínu að gera eins vel og það getur í skólaverkefnum jafnvel þó það taki lengri tíma en barnið vill.
19. Gerðu kröfu um að barnið þitt standi við það sem því er ætlað jafnvel þó barnið vilji það ekki, eins og t.d. að búa um rúmið, fara í bað, sinna gæludýrinu og burstu tennurnar.
20. Láttu barnið þitt takast á við allar tilfinningar sem það finnur fyrir jafnvel þó þær séu erfiðar, ekki með því að gera lítið úr þeim, heldur viðurkenna þær og þekkja og takast á við þær með viðhorfinu - hver áskorun gerir mig sterkari.



List- og verkgreinakennsla á yngsta stigi



Verðlaunahafar keppninnar „Náttúrufræðingur Síðuskóla“ ásamt Hafdísi Kristjánsdóttur kennara.

MATSEÐILL OKTÓBERMÁNAÐAR

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
3. Svikinn héri, kartöflur, rauðkál, grænmeti, sósa	4. Grilluð bleikja, kartöflur, ferskt grænmeti, ostasósa, ávextir	5. Fiskiklattar, kartöflur, grænmeti, sósa, ávextir	6. Súpa, brauð, ávextir	7.
10. Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa, ávextir	11. Kjötsúpa	12. Makkarónur, salatbar Val nemenda	13. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, grænmeti	14. Krebinettur, kartöflur, rauðkál, grænar baunir, steiktur laukur
17. Plokkfiskur, rúgbrauð, grænmeti, ávextir	18. Píta m/hakki, grænmeti Val nemenda	19. Viðtöl 1. - 10. bekk Frístund opin	20. Viðtöl 1. - 10. bekk Frístund opin	21. Haustfrí Frístund opin
24. Haustfrí Frístund opin	25. Skipulagsdagur Frístund opin	26. Snitzel, steiktar kartöflur, grænmeti, rauðkál, grænar baunir, steiktur laukur	27. Fiskur í ofni, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	28. Súpa, brauð, ávextir
31. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, grænmeti, ávextir				